

**16. Sýningar, rannsóknir og útgáfur.**

Forstöðumaður leggur fyrir stjórn tillögur um sýningar, rannsóknir og bókaútgáfur í tengslum við safnið og eignir þess. Þá gerir hann tillögur um fyrirlestra, leiðsögn og safnkennslu.

Forstöðumanni er heimilt að veita sérfræðingum og áhugafólki aðgang að listaverkum, minjagripum, munum og heimildum safnsins, s.s. til rannsókna og skrifa, til undirbúnings á fræðsluefni til kynningar og flutnings í fjölmiðlum, skólum, fyrirlestrum, tímaritum og bókaútgáfu. Hafa skal samráð við gefendur - tilsjónarmenn, höfunda eða handhafa höfundaréttar ef þess gerist þörf.

**17. Endurskoðun.**

Reikningsár safnsins miðast við áramót. Reikninga skal stjórn láta yfirfara af löggiltum endurskoðanda.

**18. Breytingar á skipulagsskrá.**

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skal stjórn senda dómsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

**19. Safnslit.**

Verði starfsemi safnsins lögð niður skulu allar eignir þess renna til annars aðila sem þá er til, eða síðar kann að verða stofnað til, og hefur svipuð markmið og Safnasafnið.

**20. Staðfesting skipulagsskrár.**

Skipulagsskrá þessi er staðfest af dómsmálaráðuneytinu.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. febrúar 1998.*

F. h. r.  
**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Laufásvegi gagnvart umferð um Barónsstíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 3. mars 1998.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. febrúar 1998.*

**Böðvar Bragason.**